

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: Iðnaðarnefnd
Sendandi: Iðnaðarráðuneyti
Dagsetning: 23. apríl 1998
Málsnúmer: 97120029
Bréfalykill: 24.130

Efni: Frumvarp til laga um eigarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Með hliðsjón af umræðum í iðnaðarnefnd um ofangreint frumvarp leggur iðnaðarráðuneytið til eftirfarandi breytingar á því. Þá fylgja athugasemdir við helstu athugasemdir sem fram hafa komið í umsögnum um frumvarpið.

Um 1. gr.

Náttúrufræðistofnun telur að frumvarpið þurfi að ná yfir nýtingu auðlinda á sjávarbotni utan netlaga. Um þá nýtingu gilda lög nr. 73/1970 um eignarétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins. Samkvæmt þeim veitir iðnaðarráðherra leyfi til slíkrar nýtingar. Nokkuð önnur sjónarmið geta gilt um nýtingu á sjávarbotni og er því ekki talið rétt að svo stöddu að fella þetta svæði undir frumvarpið.

Um 2. gr.

Verkfræðingafélag Íslands telur að botni vatnsfalla hafi verið sleppt úr skilgreiningu á eignarlandi. Ráðuneytið telur ljóst að botn vatnsfalla fellur undir skilgreiningu á eignarlandi, þó það sé ekki áréttað sérstaklega í henni.

Verkfræðingafélag Íslands og Pétur Blöndal hafa gert athugasemdir við skilgreiningu á grunnvatni. Með hliðsjón af því er lagt til að skilgreiningin hljóði svo:

- *Grunnvatn merkir í lögum þessum vatn sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi og er unnið í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta staðarorku þess.*

Um 3. gr.

Landssamband veiðifélaga gerir athugasemd við að ríkið virðist ætla að slá eign sinni á almenning í stöðuvötnum, sem hingað til hafi verið talin sameign þeirra sem land eiga að viðkomandi stöðuvatni. Hér virðist um misskilning að ræða, þar sem einmitt hefur verið talið að vatnsbotn stöðuvatns utan netlaga væri ekki í einkaeigu. Í 4. gr. vatnalaga nr. 15/1923 segir að þegar landareign liggja að stöðuvatni, fylgi vatnsbotn þeim bakka er hann er talinn áframhald af 115 metra út í vatn. Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 metrar á breidd ræður miðlína þess merkjum, nema önnur lögmæt skipan hafi verið á gerð. Í Mývatnsbotnsdómum var tekist á um hvort landeigendur ættu almenning vatns, þ.e. vatnsbotn utan netlaga. Í hæstaréttardómi frá 1982, bls. 182 segir að eigi verði dregin önnur ályktun af fyrrgreindum ákvæðum vatnalaga en að "... landareignum fylgi ekki eignarréttur að vatnsbotni utan netlaga, hvorki sem afmarkaður eignarréttur einstakra jarða né sem sameign þeirra". Það

er hins vegar rétt hjá landssambandinu að landeigendur eiga takmörkuð réttindi í almenningi vatns, svo sem veiðirétt, lögum samkvæmt.

Vafamál er hvort almenningur stöðuvatns er þjóðlenda samkvæmt skilgreiningu, en þjóðlendur merkja landssvæði utan eigarlanda þótt einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Tæpast verður talið að þetta svæði falli undir þjóðlendufrumvarpið og þar með forræði forsætisráðherra. Ef það er rétt mat, er réttarstaða í almenningi stöðuvatns algerlega óbreytt frá því sem nú er, þó frumvörpin verði að lögum.

Um III. kafla

Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun telja að náttúruverndarsjónarmiða sé ekki gætt að því er ákvæði um rannsóknir varðar og að ákvæði frumvarpsins viki úr vegi ákvæðum um náttúruvernd. Á þetta sjónarmið verður ekki fallist. Frumvarpinu er ekki ætlað að víkja umhverfislöggjöf til hliðar að neinu leyti. Þannig mun 23. gr. náttúruverndarlaga gilda um rannsóknir, en þar er kveðið á um við hvaða aðstæður skuli leita álits Náttúruverndar. Lögð er til breyting á 16. gr. vegna þessa, sbr. hér á eftir.

Um 4. gr.

Náttúrufræðistofnun gerir athugasemd við að iðnaðarráðherra veiti leyfi til rannsóknar og nýtingu hvar sem er á landinu. Fram kemur að Náttúrufræðistofnun eigi að sjá um útgáfu jarðfræðikorta, m.a. korta sem sýna laus jarðlög og þar með mögulegar námur. Ákvæði laganna hafi verið túlkuð þannig að stofnuninni beri að kortleggja jarðefni og flokka námasvæði. Þá hafi umhverfisráðherra lýst því yfir að stofnuninni verði falið þetta verkefni til að leggja grunn fyrir langtímaáætlun um nýtingu jarðefna á einstökum landssvæðum. Telur stofnunin að frumvarpið stangist á við þetta.

Ekki verður fallist á að frumvarpið feli í sér afbrigði frá stefnumörkun ríkisstjórnar þar um. Að mati iðnaðarráðuneytisins er rétt að kortlagning náma og jarðefna fari fram í þeirri stofnun sem býr yfir mestri þekkingu á þessu sviði. Ef það er niðurstaðan að Náttúrufræðistofnun búi yfir mestri þekkingu og sé hæfust til þessarar vinnu verður ekki séð að frumvarpið hindri það. Almennt er það afstaða ráðuneytisins að stuðla eigi að hagkvæmni í skipulagningu á vinnu opinberra stofnana og verkaskiptingu þeirra á milli. Að hálfu ráðuneytanna hefur verið unnið að því að gera samninga við undirstofnanir þar sem lögð er áhersla á árangursstjórnun og þeim sett tiltekin árangursmarkmið. Með þeirri vinnu verður unnt að skýra verkaskiptingu stofnananna.

Ráðuneytið mælir ekki með að gerð verði breyting á þessari grein að tillögu **Orkustofnunar**.

Um 5. gr.

Náttúrufræðistofnun telur nauðsynlegt að rannsóknarleyfi fylgi skilmálar sem miðast við að takmarka eða koma í veg fyrir náttúruspjöll. Slík skilyrði á að setja í leyfi, sbr. 7. tl. 18. gr. frumvarpsins.

Ráðuneytið mælir ekki með að gerð verði breyting á þessari grein að tillögu **Orkustofnunar**.

Um IV. kafla

Náttúruvernd og Náttúrufræðistofnun gera hliðstæðar athugasemdir við nýtingarþátt frumvarpsins og við rannsóknarþáttinn. Ráðuneytið ítrekar að frumvarpinu er ekki ætlað að víkja umhverfislöggjöf til hliðar að neinu leyti. Þá munu skipulagslög einnig gilda samhliða.

Þá getur ráðuneytið ekki séð að ákvæði um nýtingu séu í ósamræmi við framkvæmdaáætlun umhverfisráðuneytisins. Lögð er til breyting á 16. gr. vegna þessa, sbr. hér á eftir.

Um 6. og 7. gr.

Orkustofnun leggur til að landeigandi fái ekki nýtingarleyfi án undangenginnar formlegrar rannsóknar. Ráðuneytið mælir ekki með að gerð verði breyting á greinunum vegna þessa og telur að með því væri verið að setja nýtingu óeðlilegar skorður.

Hitaveita Suðurnesja gerir athugasemd við að landeigandi skuli ekki hafa forgang að nýtingarleyfi. Frumvarpið byggir á sjónarmiðum um hagkvæma nýtingu frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Forsenda þess er að landeigandi sé ekki einráður um hvernig réttindunum er ráðstafað. Því verður ekki fallist á þessi sjónarmið.

Eins og 2. mgr. 7. gr. er orðuð mætti ætla að landeigandi sem látið hefur rannsakað auðlind án rannsóknarleyfis geti krafið nýtingarleyfishafa um allan sannanlegan kostnað vegna rannsóknarinnar, líka þann sem ekki getur nýst nýtingarleyfishafanum. Því leggur ráðuneytið til að greininni verði breytt svo:

-*krafið nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað vegna nýtanlegra rannsókna, gegn afhendingu á niðurstöðum þeirra.*

Um V. kafla (8. gr.)

Náttúrufræðistofnun heldur því fram að réttindi landeiganda til hagnýtingar án leyfis séu rýmkuð frá núgildandi löggjöf. Það er ekki rétt. Frumvarpið gerir ráð fyrir að landeigandi geti nýtt sömu jarðefni án leyfis og hann getur nú. Þannig hefur verið talið ótvírætt að landeigandi geti unnið vikur á landi sínu án leyfis ráðherra.

Þá gagnrýnir **Náttúrufræðistofnun** að frumvarpið setji ekki ákvæði um vernd og nýtingu á sandi, vikri, grjóti o.fl. Ráðuneytið tekur undir það með stofnuninni að setja þurfi reglur um vernd og nýtingu þessara jarðefna. Hins vegar telur ráðuneytið ekki rétt að það verði gert með því að kveða á um að nýtingarleyfi þurfi að koma til. Réttara sé að taka á málinu með því að endurskoða ákvæði laga um umhverfismat og setja lög um frágang og eftirlit með vinnslusvæðum. Er ráðuneytið reiðubúið að vinna að mótun slíkra ákvæða í samráði við umhverfisráðuneytið.

Ráðuneytið mælir ekki með að gerð verði breyting á þessari grein að tillögu **Orkustofnunar** og **Samtaka iðnaðarins**, en hún leggur til að nýting yfir ákveðnum mörkum verði háð leyfi. Ráðuneytið vísar til sjónarmiða hér á undan.

Vegagerð ríkisins telur að taka þurfi af tvímæli um að hagnýting jarðefna til vegagerðar á þjóðlendum sé ekki leyfisskyld frekar en hagnýting landeiganda slíkum jarðefnum. Í 45. gr. vegalaga er kveðið á um skyldu til að leyfa efnistöku til vegagerðar. Líta verður svo á að ákvæðið verði skýrt svo að ekki þurfi nýtingarleyfi iðnaðarráðherra þegar svo stendur á á þjóðlendum. Vera kann þó að vegagerðin þurfi leyfi forsætisráðherra samkvæmt þjóðlendufrumvarpinu.

Um VI. kafla

Verðfræðingafélagið telur að ekki sé tekið á því þegar jarðhitanýting veldur röskun jarðhita á nágrannalandi. Því er til að svara að skv. 10. gr. er Orkustofnun heimilt að fengnu samþykki

ráðherra að setja skilyrði um nýtingu, m.a. af tæknilegum ástæðum. Orkustofnun ber einmitt að huga að atriðum sem þessum, einnig þegar hún gefur umsögn um nýtingarleyfi. Þá er í 27. gr. kveðið á um hvernig farið er með úrlausn ágreinings um nýtingu auðlindar.

Um 10. gr.

Náttúrufræðistofnun telur að í þessu ákvæði verði að kveða á um verndarþáttinn og skilyrði vegna hans. Ráðuneytið ítrekar það sem fyrr er sagt um tengsl þessa frumvarps og laga á sviði umhverfisverndar.

Orkustofnun leggur til breytingar á þessari grein sem lúta að tilkynningaskyldu um staðsetningu og frágang holna og setningu reglna um gagnaskil. Ráðuneytið telur að þessara atriða sé nægilega gætt í 22. gr. frumvarpsins og 18. gr. með breytingum sem lagðar eru til á henni.

Bent hefur verið á að 5MW sé nokkuð há mörk á nýtingu án leyfis þá einnig hafi komið fram sjónarmið um að þau væru of lág (**Hitaveita Suðurnesja**). Í iðnaðarnefnd hefur komið fram að stærsta gróðrarstöð landsins (6000 m²) notar jarðhita sem jafngildir 2,8 MW. Þá hefur komið fram að orka úr einni borholu á háhitasvæði sé óvíða meiri en 5 MW. Ráðuneytið mælir því með að þessi mörk verði þrengd nokkuð. Þá hefur komið í ljós villa í orðalagi greinarinnar.

Með vísan til þessa leggur ráðuneytið til að greinin orðist svo:

- *Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimils- og búsparfa, þar með talið til ylraektar, iðnaðar og iðju, allt að (3,5 MW) miðað við vermi sem tekið er úr jörðu alls innan eignarlands. Landeiganda ber þó að tilkynna.....*

Um 13. gr.

Orkustofnun leggur til að sveitarfélag eigi forgangsrétt að nýtingu jarðhita í næsta nágrenni við sveitarfélagið. Ráðuneytið telur að slíkur forgangsréttur sé of víðtækur en bendir í þessu sambandi á eignarnámsheimild sveitarfélags samkvæmt 3. mgr. 29. gr.

Um VII. kafla

Verkfræðingafélagið finnur að því að frumvarpið taki ekki til nýtingar linda. Um nýtingu linda fer samkvæmt 9. gr. vatnalaga. Rétt er að gera greinarmun á nýtingu grunnvatns og nýtingu vatns á yfirborði samkvæmt vatnalögum.

Náttúrufræðistofnun er með svipaðar athugasemdir og um 10. gr. Vísað er til þess.

Um 14. gr.

Í iðnaðarnefnd hafa komið fram sjónarmið um að mörk nýtingar án leyfis séu nokkuð há (100 l/s). Upplýsingar sem ráðuneytið hefur undir höndum benda einnig til þessa. Með hliðsjón af þessu er lagt til að greinin hljóði svo:

- *Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt allt að (70 ltr./sek.) Landeiganda....*

Ekki er fallist á tillögur **Orkustofnunar** um breytingar á greininni vegna gagnaskila.

Um 15. gr.

Orkustofnun leggur til breytingu á 15. gr. hliðstæða tillögu um 13. gr. Sama svar.

Um VIII. kafla

Náttúruvernd lætur að því liggja að samkvæmt frumvarpinu sé hlutverki Náttúruverndar við eftirlit með framkvæmdum í náttúrunni vikið til hliðar. Svo er ekki. Eins og kaflinn ber með sér snýr eftirlit Orkustofnunar fyrst og fremst að vinnsluaðferðum og nýtingu auðlindarinnar. Óhjákvæmilegt er þó að við slíkt eftirlit sé einnig hugað að umhverfisþáttum. Náttúruvernd mun áfram hafa eftirlitsskyldur að því er varðar umhverfisspjöll, sbr. 5. gr. náttúruverndarlaga. Vakin er athygli á að samkvæmt 5. gr. náttúruverndarlaga getur umhverfisráðherra, að höfðu samráði við aðrar stofnanir [en náttúruvernd] of aðila sem fara með eftirlit samkvæmt sérstökum lögum, setja í reglugerð nánari ákvæði um eftirlit stofnunarinnar. Umhverfisráðherra getur því skýrt valdmörk milli Orkustofnunar og Náttúruverndar að svo miklu leyti sem verkefnið skarast.

Verkfræðingafélagið gerir að því skóna að um verulegan kostnað verði að ræða við meðferð umsókna, sem greiðist af umsækjanda. Rétt er að benda á að umsækjendur hafa greitt fyrir undirbúningu námuleyfa samkvæmt núgildandi lögum, og hefur sá kostnaður verið óverulegur.

Skipulag ríkisins telur að rétt sé að geta þess í frumvarpinu að ákvæði skipulagslaga eigi við um framkvæmdir samkvæmt því. Það er gert í tillögu að breytingu á 16. gr.

Orkustofnun veltir því fram hvort málsmeðferðarreglur við veitingu leyfa séu nægilega skýrar, einkum þegar fleiri en einn aðili sækir um leyfi í einu. Það er mat ráðuneytisins að svo sé. Í 17. gr. frumvarpsins er kveðið á um sjónarmið sem ráðherra verður að hafa að leiðarljósi við veitingu nýtingarleyfa, svo sem umhverfissjónarmið og sjónarmið um hagkvæma nýtingu. Einnig er skýrt tekið fram að ráðherra geti synjað um leyfi og sett sérstök skilyrði vegna leyfa með tilliti til þessara sjónarmiða. Í 18. gr. er síðan efni rannsóknar- eða nýtingarleyfa og koma þar fram skilyrði sem setja skal, svo sem um eftirlit, tímamörk, öryggi og umhverfisvernd o.s.frv. Við afgreiðslu og veitingu leyfa verður ráðherra síðan að gæta að ákvæðum stjórnsýslulaga. Niðurstaðan verður að byggja á málefnalegum grunni, synjun verður að vera hægt að rökstyðja efnislega, gæta verður andmælaréttar o.s.frv. Með hliðsjón af þessu verður ekki séð að hægt sé að setja skýrari reglur um málsmeðferð en gilda myndu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins og almennum lögum.

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að unnið verði að því að einfalda stjórnsýslu í kringum veitingu leyfa. Ráðuneytið tekur undir þau sjónarmið og telur að með aðgerðum ráðuneytanna til svokallaðrar árangurstjórnunar sé einmitt unnið að þessu.

Um 16. gr.

Með hliðsjón af athugasemdum um tengsl frumvarpsins við lög og reglur á sviði umhverfis-, náttúruverndar- og skipulagsmála er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 16. gr., svohljóðandi:

Við meðferð umsókna um leyfi og veitingu þeirra skal gætt ákvæða laga um skipulag og náttúruvernd og annarra laga sem varða nýtingu lands og landsgæða.

Um 18. gr.

Verkfræðingafélagið og **Hitaveita Suðurnesja** gera nokkrar athugasemdir við þessa grein.

T.d. er spurt hvað átt sé við með því að Orkustofnun samþykki frumdrætti mannvirkja og hvort það stangist ekki á við skipulags- og byggingarlög. Með þessu ákvæði er fyrst og fremst verið að tryggja að nýting auðlindar sé með sem skynsamlegustum hætti. Orkustofnun getur t.d. búið yfir upplýsingum um jarðhitanytingu á tilteknum stað, sem sýnir að fyrirhuguð nýting hámarkar ekki verðmæti auðlindarinnar í heild eða leiðir til tjóns fyrir nágranna. Þá getur Orkustofnun neitað að staðfesta frumdrætti mannvirkjanna.

Með hliðsjón af ábendingum **Orkustofnunar** er lagt til að 6. tl. 18. gr. hljóði svo:

- *Upplýsinga- og tilkynningaskyldu leyfishafa og skyldu til afhendingar á sýnum og gögnum og á hvaða formi.*

Um 21. gr.

Ráðuneytið mælir ekki með að gerð verði breyting á þessari grein að tillögu **Orkustofnunar**.

Um 22. og 23. gr.

Verkfræðingafélag Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við það að leyfishöfum sé skylt að afhenda tilteknar upplýsingar til Orkustofnunar sem geti síðan að leyfistíma loknum látið þær öðrum í té eða nýtt þær sjálf. Er því haldið fram að gulleitarfyrirtæki verði fæld frá landinu vegna þessara ákvæða. Rétt er í tilefni af þessu að taka fram að 2. mgr. 22. gr. um upplýsingar vegna borana er hliðstæð 52. gr. núgildandi Orkulaga. Þar er þó ekki kveðið á um trúnaðarskyldu Orkustofnunar. Þá er rétt að upplýsa að í sérleitarleyfi vegna gulleitar sem nú stendur yfir eru ákvæði um reglubundin skil gagna og upplýsinga hliðstæð því sem kveðið er á um í 22. gr. Er það í samræmi við kröfur margra landa um þessi efni. Ástæða þessara gagnaskila er sú að nauðsynlegt þykir að fyrir liggi sem heildstæðust þekkin á auðlindum í jörðu á einum stað, þ.e. hjá Orkustofnun. Þessar upplýsingar auka skilning manna á auðlindunum og skynsamlegri nýtingu þeirra.

Ráðuneytið fellst ekki á breytingartillögur **Orkustofnunar** á 22. gr. að öðru leyti en því að rétt er að kveða skýrt á um að staðsetning holu komi fram í dagbók um jarðboranir. Því er eftirfarandi lagt til:

- *..... er gefi upplýsingar um staðsetningu, jarðlög gerð þeirra.....*

Ráðuneytið telur breytingar á 23. gr., sbr. tillögur **Orkustofnunar**, óþarfar og telur að þeirra atriða sem Orkustofnun leggur áherslu á sé nægilega gætt í frumvarpinu.

Um 24. gr.

Ráðuneytið mælir ekki með að gerð verði breyting á þessari grein að tillögu **Orkustofnunar**.

Um 31. gr.

Orkustofnun nefnir sjónarmið um upphæðir endurgjalds vegna auðlinda í þjóðlendum. Samkvæmt 31. gr. for forsætisráðherra með ákvörðun um endurgjald vegna þessa. Umræða um það hefur farið fram í allsherjarnefnd.

Um nýja grein.

Ráðuneytið mælir að lokum með samþykkt breytingartillögu sem lögð hefur verið fram og varðar nýtingu hitakærra örvera. Greinin verði ný 35. gr. orðast svo:

- *Lög þessi taka eftir því sem við á til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum er óheimil án leyfis iðnaðarráðherra samkvæmt lögum þessum. Leyfi samkvæmt þessari grein skal veitt að höfðu*

samráði við umhverfisráðherra. Náttúruvernd ríkisins fer með eftirlit með rannsókn og nýtingu samkvæmt þessari grein.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar í samráði við umhverfisráðherra.

Með örverum er átt við örverufræðilega einingu, myndaða af frumum eður ei, sem fær er um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaefnis.

Þá komi ný 2. mgr. í núverandi 35. gr., sem verður 36. gr, svohljóðandi:

- *Endurskoða skal ákvæði 35. gr. laganna fyrir 1. janúar árið 2001.*

Um almennar athugasemdir í umsögnum

Eins og fram er komið telur **Náttúruvernd, Náttúrufræðistofnun, Félag landfræðinga** o. fl. að ekki sé tekið tillit til alþjóðaskuldbindinga um umhverfisvernd og áætlun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun. Að svo miklu leyti sem þetta álit stofnananna er rökstutt í umsögnum þeirra, verður ekki annað séð að það meginmarkmið frumvarpsins að stuðla að skynsamlegri nýtingu auðlinda í jörðu og ákvæði sem lúta að þessu markmiði, séu í samræmi við heildarstefnumörkun á þessu sviði. Rétt er þó að taka skýrt fram að frumvarpinu er ekki ætlað að taka með heildstæðum hætti á umhverfismálum, náttúruvernd eða skipulagsmálum sem tengjast rannsóknum eða nýtingu þessara auðlinda. Um þau atriði gilda ýmis lög á sviði umhverfis- og skipulagsmála og eiga þau einnig við um rannsóknir og nýtingu samkvæmt þessu frumvarpi.

Verkfræðingafélag Íslands telur að hagsmunatengsl geti orðið að því er hlutverk Orkustofnunar varðar, þar sem Orkustofnun er einn helsti rannsóknaraðili héraendis en fær jafnframt víðtækt hlutverk samkvæmt frumvarpinu. Ráðuneytið fellst ekki á þessi sjónarmið og bendir á að Orkustofnun hefur verið breytt með tilliti til þessa, þannig að rannsóknarþátturinn er rekin algerlega sjálfstætt í stofnuninni.

Þá telur **Verkfræðingafélagið** að hlutverk Orkustofnunar samkvæmt frumvarpinu sé alltof víðtækt og nái yfir svið annarra stofnana, svo sem Vinnueftirlits. Á þann skilning verður ekki fallist. Hlutverk Orkustofnunar samkvæmt frumvarpinu er að hafa yfirsýn yfir auðlindir í jörðu og miðla af þekkingu sinni með tilliti til skynsamlegrar nýtingar.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: **Iðnaðarnefnd**
Sendandi: **Iðnaðarráðuneyti**
Dagsetning: **17. apríl 1998**
Málsnúmer: **97120029**
Bréfalykill: **24.130**

Efni: Skýringar við framkomnum fyrirspurnum.

Við umræður í iðnaðarnefnd Alþingis hefur verið óskað eftir nánari upplýsingum og gögnum um nokkur atriði. Meðfylgjandi eru gögn um eftirtalin atriði:

1. Umfjöllun um skilgreiningu á grunnvatni. Minnisblað Orkustofnunar.
2. Umfjöllun um stærðarmörk í nýtingu jarðhita og grunnvatns. Minnisblað Orkustofnunar.
3. Umfjöllun um eignarhald að háhitasvæðum. Minnisblað Orkustofnunar.
4. Samantekt um hlutverk Orkustofnunar samkvæmt frumvarpinu. Minnisblað iðnaðarráðuneytis.

Einnig hefur verið óskað eftir skýringum á því að hugtakið þjóðlenda sé skilgreind sérstaklega í frumvarpinu og hvort þjóðlendur muni ekki teljast eignarland eins og það er skilgreint í frumvarpinu, verði frumvarp til laga um þjóðlendur o.fl. að lögum.

Ráðuneytið telur eðlilegt að skilgreining á þjóðlendum komi skýrt fram í frumvarpinu, þó hún komi vitaskuld einnig fram í frumvarpi til laga um þjóðlendur o.fl. Rétt er að hún liggja fyrir í lögnum þannig að hún festist í sessi sem grundvallarhugtak á þessu sviði. Ekki verður séð að hætta sé á því að breyta þurfi skilgreiningunni og því lítil hætta á misræmi þó skilgreiningin sé lögfest í tvennum lögum.

Ef þetta frumvarp og frumvarp til laga um þjóðlendur verður að lögum verður eignarhaldi ríkisins á þessum svæðum slegið föstu. Í þeim skilningi verða þjóðlendur að eignarlandi á svipaðan hátt eins og "eignarlönd" sem skilgreining 2. gr. frumvarpsins tekur til. Nauðsynlegt er hins vegar að aðgreina þjóðlendur vegna þeirrar sérstöðu sem þau svæði hafa. Vakin er athygli á ummælum í athugasemdum með frumvarpi til laga um þjóðlendur, þar sem segir að á því sé byggt að ekki beri að fara með þjóðlendur eins og hefðbundnar eignir ríkisins, heldur fari ríkið með varðveislu og forræði sameiginlegra gæða þjóðainnar. Gert er ráð fyrir að um þjóðlendur muni gilda ákveðnar sérreglur samkvæmt því frumvarpi. Því er þessi greinarmunur gerður.

NOKKRAR SKILGREININGAR OG ÚTSKÝRINGAR VEGNA AUÐLINDAFRUMVARPS RÍKISSTJÓRNARINNAR

1. Grunnvatn, skilgreining

Skv. glossary of geology:

Ground water: The part of subsurface water that is in the zone of saturation, including underground streams.

Orðaskrá Jóns Benjamínssonar:

Ground water: Grunnvatn; Vatn og raki grunnt undir yfirborði jarðar. Oftast undir þrýstingi í holum og glufum jarðlaganna. Ground water er undirflokkur í sub-surface water.

Sub-surface water: Jarðvatn; Vatn og raki undir yfirborði þurrlandis jarðar, þ.e. vatn í jarðvegi eða lausum yfirborðsjarðlögum.

Þorleifur Einarsson 1971:

Neðan vissra marka eru allar holur og gufur bergins fylltar vatni. Nefnist það grunnvatn, en yfirborð þess grunnvatnsborð. Bilið milli grunnvatnsflatar og yfirborðs er jafnan rakt, þótt flest holrymi séu fyllt lofti. Það nefnist jarðrakasvæði.

Í frumvarpi:

Grunnvatn merkir í lögum þessum vatn sem er neðan jarðar í samfelldu lagi og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi, með hitastigi sem næst meðallagslofthita á staðnum og sem unnið er í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta staðarorku þess.

Þetta mætti endurbæta svona:

Grunnvatn merkir í lögum þessum vatnsmassa sem er neðan jarðar í meira eða minna samfelldu lagi og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi og sem unnið er í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta staðarorku þess. Þar er meðtalið jarðvatn sem er kyrrstætt eða rennur neðajarðar lengri eða skemmri leið en getur legið ofar en grunnvatnsborð umhverfisins. Þar sem slíkt kalt grunnvatn kemur fram í lindum á yfirborði er það yfirleitt nærri meðalhitastigi umhverfisins á staðnum.

Athuga þarf að hitastig vex er neðar kemur í berggrunn og þar er einnig grunnvatn, þ.e.a.s. grunnvatn sem er á nokkru dýpi fylgir ekki meðalhitastigi, heldur er það heitara. Kaldar lindir sem koma fram á yfirborði fylgja oft meðalhitastigi viðkomandi svæðis, þó geta verið frávik frá því um nokkrar gráður. Neðajarðarar, s.s. á Reykjanesi teljast hér til grunnvatns þar sem þær eru vatnafarslega séð hluti af grunnvatnsstraumnum, þótt þær fylli ekki út í allar glufur og holrúm. Sumir kalla þetta "jarðrakasvæði" eða "jarðvatn". Raunar er jarðhitavökvi hluti af grunnvatni en hér skilið á milli á þennan hátt. Þessi skilgreining þarf því ekki að gilda í öðrum lögum.

2. Jarðhiti - nýting

Erfitt er að afla öruggra talna fyrir nýtingu jarðhita í mismunandi iðnaði. Mest er notað af heitu vatni til húshitunar og til sundlauga. Talsverð orka fer einnig í framleiðslu raforku og er sá hlutur fyrrsjáanlega vaxandi.

Dæmi:

Náttúrulegt rennsli	l/s	T°C	MW 5°C neðri mörk*	MW 35°C útrengsli **	Athugasemdir
Deildartunguhver	180	100	72,4	49,5	til húshitunar, Hitaveita Borgarfjarðar (HeTo)
Þvottalaugarnar fyrir virkjun	10	87	3,7	2,3	nægir í ca. 350-450 hús 200 m ² *** (HeTo)
Jarðhiti	6	75	1,0	5	miðað v. að 40°C séu nýttar úr vatninu (SÞ)
Jarðhiti	30	75	5,0	5	miðað v. að 40°C séu nýttar úr vatninu (SÞ)
Búðardalur áætlun f. þorpið	11	72	3,1	1,7	miðað er við að 6,3 l/s dugi í öll húsin í þorpinu sem eru 125, afg. í iðnað (ÚH)
Allt fiskeldi á landinu				25,0	
Gróðrarstöðvar 1995				45,0	
Gróðrarstöð 6000m ²	7,2	90		2,0	reikn. tala f. stærstu gróðrarstöð landsins (ÁR)
Gróðrarstöð 1000m ²	1,2	90		0,3	reiknuð tala f. meðalstóra gróðrarstöð (ÁR)
Frakkland, fiskeldisstöð	55,6	75	16,3	9,3	fyrir 30 tonn af fiski á ári (skýrsla)
Sundlaugar	l/s			MW nýtt	
Sundlaug Gindavíkur útilaug	3,0			0,5	337 m ² (nægir fyrir um 100 hús) (ÁR)
Sundhöll Reykjav. innilaug	2,7			0,5	333 m ² (ÁR)
Laugardalslaug útilaug	14,0			2,5	1500 m ² (nægir fyrir um 500 hús) (ÁR)
Gufa og vatn	kg/s		fyrir rafm.fra.	fyrir hitaveitu	
Krafla H-26, við 7 bör	6-7		3 MW _e		afl til rafmagnsframleiðslu
Nesjavellir NG-5, við 7 bör	5,3		2,5 MW _e	18 MW _t	aflminnsat holan, notuð til að hita upp vatn
Nesjavellir NG-11, við 7 bör	32,7		15 MW _e	93 MW _t	aflmesta holan, notuð til að hita upp vatn

* Orka miðuð við alla orku í vökvanum niður að meðalhitastigi, hér sett 5°C

** Orka miðuð við notkun við húshitun, hér miðað við að frárennsli húsa sé 35°C

***Miðað við meðaltalsnýtingu hjá Hitaveitu Reykjavíkur, sem notar um 1.5m³ vatns pr. 1m³ húsnaðis. á ári (um 80 kwh pr. m² húsnaðs á ári).

3. Grunnvatn - nýting

Í fiskeldi er þumalputtaregla sem segir að 300 l/s af vatni þurfi til ársframleiðslu á 1 milljón laxaseiða. Árið 1993 voru framleidd á landinu 6 milljón seiði fyrir hafbeit og 2.4 milljón fyrir fiskeldisstöðvar.

Vatnsþörf 1000 manna sveitarfélags er nálægt 10-20 l/s, en fer mikið eftir því hverskonar iðnaður er aðalatvinna á staðnum; t.d. er fiskvinnsla frek á ferskvatn.

Nýting	l/s	Ath
Sveitaheimili,	0,1-0,2	meðalbú, kýr eru aðalbústofn (FS)
Lítill fiskeldisstöð	5-10	lauslega áætluð tala (FS)
Vatnsveita Reykjavíkur, pr. íbúa að meðaltali 210 l/sólarhring	0.0024	uppl.pési VR
Silfurstjarnan, Öxarfirði 1993 vatnsnotkun ferskvatn alls, en í stöðinni eru framleidd 730 tn/ári, 48 kg/m ³ (1996)	800-900	blandað við volgt vatn (100-200 l/s) og sjó (500 l/s)
Silfurstjarnan, Öxarfirði 1993 vatnsgæfni holu N-2	60-70	kalt vatn, holan er 60 m djúp
Silfurstjarnan, Öxarfirði 1993 vatnsgæfni holu N-12	115	kalt vatn, holan er 47 m djúp
Hitaveita Suðurnesja	250	kalt vatn til upphitunar f. hitaveitu (SB)
Vatnsveita Vestmannaeyja	66	lind sem er vikjuð hefur þetta rennsli
Vatnsveita Innri Njarðvík, meðaltal 1996	6,2	
Vatnsveita Ytri Njarðvík, meðaltal 1996	43,7	
Vatnsveita Flugvöllur, meðaltal 1996	34,7	
Vatnsveita Keflavík, meðaltal 1996	72,8	mikil fiskvinnsla

Helgi Torfason
7. apríl 1998

Trúleg eignaraðild að háhitasvæðum

	Háhitasvæði	Trúleg eignaraðild
1	Reykjanes	Sveitarfélög á Reykjarnesi og Kirkjugarðssjóður. HS hefur vinnsluleyfi
2	Eldvörp	Útanríkisráðuneyti. HS hefur vinnsluleyfi
3	Svartsengi	Hitaveita Suðurnesja
4	Sandfell-Trölladyngja	Mest einkaeign (Ísólfskáli+Vatnsleysubær). Ríkið (Krisuvíkurtorfa) á land að einhverju leiti inn á jarðhitasvæði.
5	Sveifluháls-Austurengjahver	Ríkið (Krisuvíkurtorfa) og Hafnarfjarðarbær.
6	Brennisteinsfjöll	Óljóst hvort land er afréttur (þjóðlenda) eða skilgreint sem heimalönd. Jarðhiti er á sýslumörkum Gullbringu- og Árnessýslu.
7	Hengill	Eignaraðild mjög flókin. A.m.k. 17 aðilar. Bæði heimalönd og afréttur (Innstidalur). Meginhluti trúlega í einkaeign. Þó á ríkið Reyki í Ölfusi, sem á land inn á jarðhitasvæðið (Grændalur + hluti af "vinnslusvæði" við Ölkelduháls). HR á Nesjavelli, Ölfusvatn og Kolviðarhól.
8	Torfajökull	Afréttur gæti orðið þjóðlenda
9	Námafjall	Landsvirkjun með vinnslurétt. Ríkissjóði til frjálsra umráða og ráðstöfunar samkvæmt samningum við landeigendur
10	Krafla	Landsvirkjun með vinnslurétt. Ríkissjóði til frjálsra umráða og ráðstöfunar samkvæmt samningum við landeigendur
11	Þeistareykir	Einkaeign Reykdæla og Aðaldælahreppa
12	Öxarfjörður	Einkaeign
13	Geysir	Meiri hluti í einkaeign. Ríkið á jörðina Laug.
14	Kerlingarfjöll	Trúlega afréttur gæti orðið þjóðlenda
15	Hveravellir	Trúlega afréttur gæti orðið þjóðlenda
16	Köldukvíslarbotnar (Hágöngulón)	Trúlega afréttur gæti orðið þjóðlenda
17	Vonarskarð	Trúlega afréttur gæti orðið þjóðlenda
18	Kverkfjöll	Trúlega afréttur gæti orðið þjóðlenda
19	Askja	Trúlega afréttur gæti orðið þjóðlenda
20	Fremri Námar	Trúlega afréttur gæti orðið þjóðlenda
21	Prestahnúkur	Trúlega afréttur gæti orðið þjóðlenda
21	Mýrdalsjökull	Trúlega afréttur gæti orðið þjóðlenda
22	Grímsvötn	Trúlega afréttur gæti orðið þjóðlenda
23	Hofsjökull	Trúlega afréttur gæti orðið þjóðlenda
24	Tindfjallajökull	Trúlega afréttur gæti orðið þjóðlenda
25	Hrúthálsar	Trúlega afréttur gæti orðið þjóðlenda
26	Gjástykki	Trúlega afréttur gæti orðið þjóðlenda

Hlutverk Orkustofnunar

Í frumvarpi til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu

1. Veitir umsögn vegna rannsóknarleyfis (5. gr.)
2. Veitir umsögn um nýtingarleyfis (6. gr.)
3. Við nýtingu landeiganda (án nýtingarleyfis) ber hinum að senda Orkustofnun áætlun og lýsingu á fyrirhuguðum borunum, sprengingum, gerð námuganga eða öðrum verulegum framkvæmdum. Orkustofnun getur sett skilyrði sem lúta að tæknilegum ástæðum eða tilliti til annarrar vinnslu á svæðinu eða möguleikum til vinnslu síðar. (4. gr.)
4. Við nýtingu jarðhita (með nýtingarleyfi) sama tilkynningaskylda og heimildir og í lið 3. (10. gr.)
5. Við nýtingu grunnvatns (með nýtingarleyfi) sama tilkynningaskylda og heimildir og í lið 3. (14. gr.)
6. Samþykkir frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum á grundvelli leyfa (5. tl. 18. gr.)
7. Eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum (21. gr.)
8. Á rétt á upplýsingum sem fram koma á grundvelli rannsóknar og nýtingarleyfa og sýnum. Tiltækin tilkynningaskylda (22. gr.)
9. Varsla upplýsinga. (23. gr.)